

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

FUNDARGERÐ

27. fundur

Fundur var haldinn í byggingarnefnd Suður-Þingeyinga mánudaginn 16. nóvember árið 2009. Fundurinn fór fram að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13⁰⁰.

Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Jóhannes Steingrímsson, Kolbeinn Kjartansson, Kristján Snæbjörnsson, Helgi Hallsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. **200910057 – Erindi frá Marteini Gunnarssyni og Ástu Svavarsdóttur, Hálsi, Þingeyjarsveit**
Marteinn Gunnarsson og Ásta Svavarsdóttir sækja um byggingarleyfi fyrir einbýlishús á lóð úr landi Háls í Kinn. Húsið er steinsteypt á einni hæð 160,6 m² að grunnfleti. Teikningar eru unnar af Magnúsi H. Ólafssyni arkitekt á MarkStofu ehf.
Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um skil á þinglýstum lóðarsamningi.
2. **200910090 - Erindi frá Sæþóri Gunnsteinssyni, Presthvammi, Þingeyjarsveit**
Sæþór Gunnsteinsson sækir um byggingarleyfi fyrir 30 m² sauðfjáarskýli að Presthvammi. Húsið er stálgrindarhús fest niður í steypar súlur á hornum. Teikningar eru unnar af Guðjóni Þórissyni hjá Verksmiðjunni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
3. **200911002 - Erindi frá Bárðarborg ehf. Stóruvöllum, Þingeyjarsveit**
Bárðarborg ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir íbúðarhús á lóð úr landi Barnaskóla Bárðdæla. Húsið er flutningshús samsett úr þremur timbureiningagámum sem settir eru á steyptan sökkul og reist þak yfir. Stærð hússins er 116,3 m². Teikningar eru unnar af Gunnari Boga Borgarssyni arkitekt.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
4. **200911027 – Erindi frá Gæsavatnafélaginu, Akureyri**
Magnús Viðar Alfreðsson f.h. Gæsavatnafélagsins sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við skála félagsins að Gæsavötn lóð 176474. Viðbyggingin er úr timbri, 5,8 m² og er ætluð sem geymsla.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
5. **200910089 – Erindi frá Sýslumanninum á Húsavík**
Sýslumaðurinn á Húsavík óskar eftir umsögn nefndarinnar um nýtt rekstrarleyfi til handa Bragabót ehf./Hákon Gunnarsson/ rekstur gistiheimilis flokkur II að Bergi, Aðaldal.
Byggingarnefnd veitir jákvæða umsögn.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

6. **200906025 – Erindi frá Jóni Inga Hinrikssyni og Hrafnhildi Geirsdóttur, Bergholti, Skútustaðahreppi**
Jón Ingi Hinriksson og Hrafnhildur Geirsdóttir sækja um byggingarleyfi fyrir 12 m² bjálkahús við íbúðarhúsið að Bergholti. Teikningar eru unnar af Yngva Ragnari Kristjánssyni.
Byggingarnefnd samþykkir erindið.
7. **200910032 – Erindi frá Birki Fanndal Haraldssyni, Sólgörðum, Skútustaðahreppi**
Birkir Fanndal Haraldsson sækir um stöðuleyfi fyrir 2 vinnubúðaeiningar 2,5 x 7 m á plani að Múlavegi 1, Skútustaðahreppi.
Byggingarnefnd leggur til stöðuleyfi til eins árs.
8. **200911013 – Erindi frá Vogar ferðaþjónustu ehf. Skútustaðahreppi**
Þuríður Helgadóttir f.h. Voga ferðaþjónustu ehf. sækir um stöðuleyfi til 1. júní 2010, fyrir 36 m² geymsluhús við hlið fyrrum móttökuhúss fyrirtækisins þar sem nú er rekinn veitingastaður.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindinu verði hafnað, enda telur nefndin húsið óásættanlegt í útliti og staðsetningu. Nefndin hvarmar jafnframt hvernig að framkvæmdum hefur verið staðið.
9. **200911034 - Erindi frá Vogar ferðaþjónustu ehf. Skútustaðahreppi**
Þuríður Helgadóttir f.h. Voga ferðaþjónustu ehf. sækir um stöðuleyfi til 1. júní 2010, fyrir 4 húseiningar 3 x 12m til geymslu á íbúðarhúslóð austan tjaldstæðis í Vogum.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að veitt verði stöðuleyfi fyrir húseiningunum til 1. júní 2010, enda verði húseiningarnar fjarlægðar eigi síðar en 1. júní 2010.
10. **200911024 - Erindi frá Íslandsgörðum ehf. Flugumýri 8, Mosfellsbæ**
Hólmar Guðmundsson f.h. Íslandsgarða ehf. sækir um stöðuleyfi til 1. júní 2010, fyrir 51 svefnskálaeiningar á túni Geiteyjarstandar 1. Fyrir liggur undirritað samþykki landeiganda.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að erindinu verði hafnað, enda óheppilegt að geyma svo margar húseiningar á svo áberandi stað við þjóðveg á ferðaþjónustusvæði.
11. **200911021 - Erindi frá Ólafi Þresti Stefánssyni, Múlavegi 9a, Skútustaðahreppi**
Ólafur Þróstur Stefánsson sækir um stöðuleyfi fyrir hús sitt að Múlavegi 9A til eins árs.
Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að veitt verði stöðuleyfi til 1. nóvember 2010.

Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.

12. 200911059 – Erindi frá Mýflugi ehf. Skútustaðahreppi

Leifur Hallgrímsson f.h. Mýflugs ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir hús við Reykjahlíðarflugvöll.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn Skútustaðahrepps að veitt verði stöðuleyfi til 1. júlí 2010.

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl. 15⁴⁰.

Eiður Árnason
Jóhannes Steingrímsson
Kolbeinn Kjartansson
Kristján Snæbjörnsson
Helgi Hallsson
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi